2. Ávarp flutt í útvarpstíma Fuglavinafélagsins Fönix.

4 blöð qto.

Hlustendur góðir, konur börn og unglingar!

Gleðilegt nýár!

Barnatími útvarpsins í kvöld er helgaður nýja árinu. Það eru drengir í Fuglavinafélaginu einir saman og án aðstoðar annara, sem eiga að leysa hlutverkin af hendi. Þeir geta ekki boðið yður uppá neina list. Söngur þeirra verður einfaldur og látlaus og vegna aldursmunar ósamstæður, því sumir eru í mútum — 15-16 ára að aldri, en aðrir veikróma, — 8-9 ára drengir; þeir verða því allir að syngja hver með sínu nefi, með undirleik á Orgel-Harm., fiðlu og Banjo. Nöfn drengjanna verða eigi nefnd, sökum þess, að þeir eiga sem félagar í þessu félagi sínu, að láta lítið yfir sér" og störfum sínum.

Barnatími þessi er sniðinn eftir því, sem fundir þeirra í Fuglavinafélaginu fara fram og getið þér þá, hlustendur góðir, væntanlega sjálfir að nokkru leyti í það ráðið, meðal annars af fundargjörð þeirri, er lesin ~~verður~~ var áðan, hvernig starfsemi þeirra á fundunum er varið og félagsstörfunum yfirhöfuð. Aðeins vil ég leyfa mér að taka það fram, að í þau nærri fjögur ár, sem félag þetta hefir starfað — og ávalt í mestu kyrþey en með engri leynd — hefir enginn fullorðinn haft neina afskifti af því nema ég einn. Það verður því mín sök en ekki drengjanna, ef eitthvað tekst miður en skyldi fyrir þeim nú, er þeir í fyrsta skifti láta til sín heyra opinberlega og vil ég fyrirfram og fyrir þeirra hönd biðja hlustendur vel að virða.

---

1. Fundur settur.
2. Lesin fundargjörð síðasta fundar
3. Ofanritað ávarp.
4. Ávarp til hlustenda (Guðm. Árnason)

II.

5. Sungið lagið: Fuglinn í snörunni, 4 erindi, einsöngur m/ undirleik á Harm. fiðlu og Banjo.
6. Lesin skemtisagan: „Fjósamaðurinn" (Ben. Antonsson)
7. Sungið eintóna lagið: „Við að norðurheim svölum", 4 erindi m/ undirleik á Harm. fiðlu og Banjo
8. Útvarps-~~ræður~~erindi; þrjú að tölu. Þau eru hugsuð á þessa leið:

Til eru 3 útvarpsstöðvar og eru erindi flutt í hverri þeirra: Í stöðinni að Stóru Ráðleysu er erindi flutt um stjórnmál; í stöðinni að Kúgendi er erindi flutt um Búnaðarmál og í stöðinni að Góðgerðastöðum er flutt erindi um matreiðslu. Öll eru erindin flutt á sama tíma. – Nú er hlustandi nokkur að leita að einhverju því í útvarpstæki sínu heima hjá sér, sem hann vill hlusta eftir og heyra og leitar hann því í hverri útvarpsstöðinni eftir aðra, hvað þar sé verið að fræða menn um og heyrir hann þá – og þér einnig, sem hlustið –, að erindin eru ósamhljóða mjög og ósamstæð, enda láta þau skringilega í eyrum, þegar þeim er skeytt þannig hverju við annað, án þess að hlusta á hvert þeirra útaf fyrir sig.

9. Sungið lagið: „Ég vitja þín æska". Einsöngur sama pilts og áður, m/ undirleik sömu hljóðfæra.
10. Loks syngja allir drengirnir Nýárskvöð Fuglavinafélagsins, eftir Sig. G. Skáld; byrjun og endi lagsins syngja drengirnir þríraddað með undirleik í Orgel Harm. fiðlu og Banjo, en einsöng í því og miðju lagsins syngur sami piltur sem áður

---

11. Fundarstjóri segir fundi slitið.
12. Við þökkum þeim er á vildu hlusta og endurtökum óskir vorar til þeirra:

Gleðilegt nýár, 1938.

## Eftirmáli (ef tími verður til):

Þeim fáu mínútum, sem enn eru eftir á þessu sinni, vildi ég leyfa mér að verja til þess, að benda hlustöndunum á þetta tvent:

Fuglavinafélagið verður fjögurra ára 27. febrúar næstkomandi; er því hugsanlegt að félags-drengir láti til sín heyra um það leyti með flutningi nýrra viðfangsefna.

Fuglavinafélagið óskar bréfaviðskifta við sem flesta áhugasama drengi og einnig stúlkur um land alt, er fjalli um verndun dýra og fugla.

Bréfin má senda í pósthólf nr. 242 – og munu félagsdrengir þá svara bréfunum og koma þeim, er bréf senda, í kynni við aðra góða drengi hér. Sama er að segja, ef stúlkur senda bréf, þá mun þeim verða komið í samband við stúlkur hér og komast þá gagnkvæm bréfaviðskifti á milli þeirra. Á þetta að verða til þess að koma vináttu-samböndum á milli barna og unglinga um land alt við pilta og stúlkur hér í höfuðstað landsins.

Þetta er þegar komið á hér og þar og fellur báðum aðiljum vel.

Vér vonum, að vináttu-viðleitni þessi verði til góðs og því er hún boðin fram.

Góða nótt! Gleðilegt nýár!

Íslendingar gódir! !

## Kæru [~~Góda~~] börn og unglingar! Gledilegt nýár!

Barnatími útvarpsins í kvöld, er helgadur nýja árinu. Hlutverkin eiga ad leysa af hendi drengir úr Fuglavinafélaginu, einir saman án adstodar annara. Þeir geta ekki bodid uppá neina list, enda eru þeir lítt æfdir. Söngur þeirra verdur einfaldur og látlaus, eins og þeim og hlustendum sómir, med undirleik á Harmonium, fidlu og Banjo. Nöfn drengjanna verda eigi nefnd, sökum þess, ad þeir eiga ad „láta lítid yfir sér" og störfum sínum, sem félagar í Fuglavinafélaginu.

Barnatími þessi er snidinn eftir því, sem fundir þeirra í félaginu fara fram, og geta hlustendur þá væntanlega sjálfir í þad rádid, hvernig starfsemi þeirra er varid í félaginu.

(4.) Næsta atridi er: Ávarp til hlustenda:

(5.) Þá verdur sungid lagid: Fuglinn í snörunni, 4 vísur; þad er einsöngur med undirleik. Harm- fidla, Banjo

(6.) Sídan er lesin skemtisagan: Fjósamadurinn.

(7.) Þá syngja allir drengirnir einróma lagid: Nú ad nordurheimsvölum, 4 vísur, med undirleik.

(8.) Sídan leika 3 drengir Útvarps-umrædur. Þad er hugsad á þessa leid:

Þad eru 3 útvarpsstödvar og eru erindi flutt í hverri þeirra, samtímis. Í stödinni ad Stóru-Rádleysu er erindi flutt um stjórnmál; í stödinni ad Kúagerdi er erindi flutt um búnadarmál og í stödinni ad Gódgerdastödum er erindi flutt um matreidslu. Eru þau öll flutt á sama tíma, Kl. 20 og þrettán eda á nútímamáli Kl. 33. — Nú er einhver hlustandi ad leita ad einhverju því í útvarps-tæki sínu heima hjá sér, sem hann vill hlusta eftir og leitar því í hverri útvarpsstödinni eftir adra, hvad þar sé verid ad fræda menn um, og heyrir hann þá, ad erindin láta dálítid skringilega í eyrum, enda eru þau ósamstæd mjög.

(9.) Næst syngur sami pilturinn sem ádur einsöng: „Ég vitja þín æska."

(10.) og loks syngja allir drengirnir Nýárshvöt Fuglavinafélagsins, eftir Þorst. Gíslason skáld; byrjun lagsins syngja þeir allir þríraddad med undirleik og einnig endir lagsins, en einsöng í því syngur sami piltur sem ádur.

Vér þökkum þeim sem vildu hlusta og endurtökum óskir vora til þeirra:

## Gledilegt nýár, 1938!